



Dagsetning

Málsnúmer / Bréfalykill

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 16. nóvember 1999
Kirkjuhvoli
150 REYKJAVÍK

99090008
54.080

Ráðuneytið vísar til spurninga sem Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður, lagði fram á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 11. nóvember sl. um 25. mál þingsins, frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Ráðuneytið mun hér á eftir leitast við að svara þessum spurningun.

1. Hvert er eiginfjárlutfall lánastofnana og verðbréfafyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu og hvert er eiginfjárlutfall hvernar lánastofnunar hér á landi?

Ráðuneytið fékk upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu um eiginfjárlutföll á EES-svæðinu og eru þær sýndar í viðauka 1 með bréfi þessu. Fjármálaeftirlitið hafði ekki upplýsingar um eiginfjárlutfall verðbréfafyrirtækja á EES-svæðinu.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um rekstur og efnahag lánastofnana, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða 1998 eru upplýsingar um eiginfjárlutföll innlánsstofnana og verðbréfafyrirtækja hér á landi í lok síðasta árs.

Landsbanki	8,6%
Íslandsbanki	10,0%
Búnaðarbanki	9,2%
Sparisjóðir	12,0%
Landsbréf	20,5%
Kaupþing Norðurlands	8,6%
Fjárvangur	33,2%
Handsal	5,9%
VÍB	23,0%
Verðbréfastofan	29,5%

2. Í hvaða löndum EES hefur í ár reynt á tryggingavernd hjá innlánsstofnunum og verðbréfafyrirtækjum?

Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á fundi tryggingarsjóða í Brussel í október sl., þá hefur aldrei reynt á innstæðutryggingatilskipun ESB sem sett var

árið 1994 (94/19/EC). Hins vegar greindu tryggingarsjóðir tveggja landa, Bretlands og Danmerkur, frá því að reynt hefði á tryggingarvernd vegna tilskipunar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta (97/9/EC), sem öðlaðist gildi 26. október 1998.

Ráðuneytið hafði samband við Niels Erik Sørensen hjá danska tryggingarsjóðnum til að fá frekari upplýsingar um gjaldprot danska verðbréfafyrirtækisins og kröfur á hendur sjóðnum. Fram kom að danski sjóðurinn býst við að greiða um 14 mdkr. út úr sjóðnum en síðan muni hann fá ríflega tvo þriðju hluta þess fjár til baka þegar skiptameðferð lýkur. Af þessum 14 mdkr. koma tveir þriðju hlutar til út af reiðufé sem viðskiptavinir áttu inni hjá fyrirtækinu í tengslum við viðskipti með verðbréf þegar fyrirtækinu var lýst gjaldproti og einn þriðji vegna erlendra hlutabréfa sem fjárfestar gátu ekki fengið til baka.

Kröfur viðskiptavina vegna reiðufjár komu til af fjórum ástæðum:

1. Trygging vegna uppgjör afleiðuviðskipta (margin deposits).
2. Fyrirtækið hafði selt bréf en fjárfestirinn ekki verið búinn að fá greiðsluna inn á reikning sinn.
3. Vextir og gengishækkun sem ekki var búið að greiða fjárfestinum
4. Reiðufé í eigu fjárfestis sem ekki var búið að fjárfesta fyrir.

3. Hver er inneign að meðaltali hjá hverri innlánsstofnun og verðbréfafyrirtæki og fjöldi af heild með innstæður undir 1700 þús. kr.?

Ráðuneytið óskaði eftir þessum upplýsingum hjá einum viðskiptabanka og samþykkti hann að taka saman þessar upplýsingar. Eingöngu voru teknar með í útreikningana innstæður yfir 10 þúsund krónur, en um helmingur innlánsreikninga í viðkomandi viðskiptabanka eru með innstæðum undir þeirri fjárhæð. Meðalinnstæða þeirra innstæðueigenda sem voru með hærri innstæðu en 10 þúsund var kr. 544.965. 93,03% þessara innstæðueigenda áttu innstæðu undir 1700 þúsund.

4. Hvaða reglur gilda um starfsábyrgðartryggingu hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, einkum um hvort starfsábyrgðartrygging nái til gáleysis?

Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, var fyrst kveðið á um að verðbréfamíðlarar skyldu afla sér starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi eða bankatryggingar áður en þeir fengu starfsleyfi. Tryggingin skyldi bæta tjón er verðbréfamíðlarar kynnu að baka viðskiptavinum með störfum sínum. Í athugasemdum við frumvarpið sagði að hliðsjón hafi verið höfð af þeim tryggingum sem fasteignasölum væri gert að afla sér til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu. Nánari ákvæði voru sett með reglugerð.

Ný lög um verðbréfavíðskipti voru samþykkt árið 1993 og reglugerð byggð á þeim fylgdi í kjölfarið. Enn voru ný lög samþykkt árið 1996 en ný reglugerð hefur enn ekki verið sett. Núgildandi reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfamíðlunar og

verðbréfavíðskipta er því nr. 361/1993, með breytingu nr. 466/1993.

Fleiri aðilum en fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt lögum samkvæmt að afla sér starfsábyrgðartryggingar. Þar má nefna endurskoðendur, lögmenn, bílasala, váttryggingamiðlara og fasteignasala. Trygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er óvenju víðtæk starfsábyrgðartrygging þar sem hún tekur ekki aðeins til einfalds gáleysis heldur einnig stórkostlegs gáleysis og ásetnings. Tryggingarskyldan tekur til allra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, þ.e. bæði verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, en sem dæmi um annað fyrirkomulag má nefna að váttryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar þótt ekki sé gerð sambærileg krafa á váttryggingarfélög.

Í reglugerð um tryggingarskyldu er kveðið á um fjárhæðarmörk. Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana bætir allt að 4,5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks en heildarfjárhæð bóta getur þó ekki orðið hærri en 13,5 millj. kr. á tímabilinu. Sambærilegar tölur fyrir verðbréfafyrirtæki eru 9 millj. kr. og 27 millj. kr, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1993.

Starfsábyrgðartrygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu veitir viðskiptavinum fyrirtækjanna vernd gegn skaðabótaskyldu tjóni sem þau eru talin bera ábyrgð á. Á starfsábyrgðartrygginguna getur reynt þó að ekki sé um greiðslufall eða gjaldþrot verðbréfafyrirtækis að ræða.


Sá veigamikli munur er á starfsábyrgðartryggingunni og tilskipuninni um tryggingakerfi að í starfsábyrgðartryggingunni er tiltekið hámark váttryggingar fyrir hvert einstakt tjónsatvik og fyrir öll tjónsatvik á hverju ári en í tilskipuninni er kveðið á um lágmarksvernd fyrir hvern einstakan viðskiptavin. Samkvæmt tilskipuninni er ekki heimilt að kveða á um hámarksfjárhæð.

Skv. upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér hjá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu þá hefur aðeins í einu tilviki reynt á starfsábyrgðartrygginguna í þau tíu ár sem hún hefur verið í gildi hér á landi.

Í Noregi er kveðið á um starfsábyrgðartryggingu skv. lögum, en ekki í Danmörku og Svíþjóð, skv. þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér. Váttryggingarfjárhæðin í Noregi samsvarar um 250 millj. ísl. króna fyrir hvert fyrirtæki.

Í viðauka 2 er gildandi reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfavíðskipta ásamt breytingum.

J. h. r.



**EIGINFJÁRHLOTFÖLL LÁNASTOFNANA SAMKVÆMT CAD-REGLUM HJÁ EINSTÖKUM
RÍKJUM Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU Í ÁRSLOK 1997 OG 1998**

$$SR = \frac{\text{Total eligible own funds}}{\text{Total weighted risk assets}} * 100$$

	Overall Solvency Ratio	
	1997	1998
	%	%
AUSTRIA	11,45	11,63%
BELGIUM	12,05	11,37%
DENMARK	12,00	11,74%
GERMANY	10,09	10,21%
GREECE	10,06	11,45%
SPAIN	12,40	11,62%
FINLAND	11,50	10,89%
FRANCE	12,10	12,27%
IRELAND	12,38	12,91%
ITALY	11,00	10,90%
LUXEMBOURG	12,52	12,75%
NETHERLANDS	11,51	11,44%
PORTUGAL	11,82	12,03%
SWEDEN	12,18	11,58%
UNITED KINGDOM	11,99	13,01%
NORWAY	11,65	12,30%
ICELAND	12,42	11,20%
LIECHTENSTEIN	22,36	23,80%

Reglugerð

um tryggingarskyldu vegna verðbréfamíðlunar og verðbréfavíðskipta.

1. gr. Í reglugerð þessari merkir:

1. *Viðskiptamaður*: Einstakling eða lögaðila sem verðbréfamíðlari eða verðbréfafyrirtæki hefur annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa fyrir.
2. *Tjónsatvik*: Hvert einstakt skaðabótaskýlt atvik er hefur tjón í för með sér, sbr. 91. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.
3. *Glatað heimildarskjal*: Telst verðbréf eða annað heimildarskjal þegar það týnist, eyðileggst eða skemmist þannig að réttur samkvæmt því skerðist eða tapast að einhverju eða öllu leyti, tímabundið eða varanlega.
4. *Ábyrgðartrygging*: Váttrygging gegn skaðabótaábyrgð sem váttryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabóta-kröfu á hendur váttryggðum.

2. gr.

Verðbréfamíðlurum og verðbréfafyrirtækjum ber eftir almennum reglum skaðabótaréttar að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem þau kunna að baka honum með störfum sínum.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá að bæta viðskiptamanni það tjón sem af hlýst, enda verði það talið verðbréfamíðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á annmarkanum.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamíðlari eða verðbréfafyrirtæki hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber verðbréfamíðlara eða verðbréfafyrirtæki að bæta allt það tjón er af því hlýst.

3. gr.

Leyfi til verðbréfamíðlunar og reksturs verðbréfafyrirtækis eru háð því skilyrði að fullnægjandi tryggingar séu í gildi, sbr. 2. og 7. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti.

Til að fullnægja tryggingarskyldu skulu verðbréfamíðlari og verðbréfafyrirtæki kaupa váttryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð í stað váttryggingar hjá váttryggingarfélagi enda veiti hún viðskiptamanni sambærilega vernd að mati viðskiptaráðuneytisins. Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingarfélag, viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna það ráðuneytinu þegar í stað. Váttryggingartíma eða ábyrgðartíma telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því að váttryggingarfélagið, viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn tilkynnti sannanlega um tryggingarslit. Að þeim tíma loknum telst leyfi til verðbréfamíðlunar eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækis úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging eða bankaábyrgð hafi verið sett.

4. gr.

Vátrygging verðbréfamíðlara skv. 3. gr. skal vera ábyrgðartrygging gegn skaðabóta-kröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður hans verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi miðlarans, sbr. 2. gr. Með vátryggingunni skal greiða bætur allt að 4.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á tryggingartímabilinu. Heildarfjárhæð vátryggingarbóta innan hvers vátryggingarárs getur þó ekki orðið hærri en 13.500.000 kr. Vátrygginarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Vátrygginarfjárhæðir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3307 og skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á henni.

5. gr.

Vátrygging verðbréfafyrirtækis skv. 3. gr. skal vera ábyrgðartrygging gegn skaðabóta-kröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður þess verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi fyrirtækisins, sbr. 2. gr. Með vátryggingunni skal greiða bætur allt að 9.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á tryggingartímabilinu. Heildarfjárhæð vátryggingarbóta innan hvers vátryggingarárs getur þó ekki orðið hærri en 27.000.000 kr. Vátrygginarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Vátrygginarfjárhæðir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3307 og skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á henni.

Ábyrgðartrygging verðbréfafyrirtækis samkvæmt þessari grein bætir þó eigi tjón sem viðsemjandi verðbréfafyrirtækis samkvæmt sölutryggingarsamningi verðbréfafyrirtækis kann að verða fyrir vegna þess að verðbréfafyrirtæki vanefnir sölutryggingarloforð.

6. gr.

Óheimilt er verðbréfamíðlurum og verðbréfafyrirtækjum, vátryggingarfélögum, viðskiptabönkum eða sparisjóðum, að takmarka ábyrgð sína samkvæmt framangreindum reglum með samningum eða á annan hátt.

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um verðbréfavíðskipti viðskiptabanka og sparisjóða eftir því sem við getur átt, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Bankaábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs gefin út sjálfs sín vegna getur þó ekki komið í stað vátrygginga, sbr. 3. mgr. 3. gr.

8. gr.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari og meðferð slíkra mála skal fara eftir ákvæðum 1. og 3. mgr. 39. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 7. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti og öðlast hún gildi 15. september 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502/1989, um tryggingaskyldu verðbréfamíðlara og verðbréfafyrirtækja.

Viðskiptaráðuneytið, 31. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Páll Ásgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfa-
miðlunar og verðbréfavíðskipta, nr. 361 31. ágúst 1993.

1. gr.

7. gr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 7. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfavíð-
skipti, og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. nóvember 1993.

F. h. r.

Finnur Sveinbjörnsson.

Páll Ásgrímsson.